

Reykjavík, 26. nóvember 2013

Sáttargerð vegna brots á 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 28. október 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og MP banki hf. með sér sátt vegna brots félagsins á 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst MP banki hf., sem flöggunarskyldur aðili, við því að hafa brotið gegn 86. gr. vvl., með því að hafa ekki sent tilkynningu, innan lögmæltra tímamarka, vegna víðskipta sinna fimmtudaginn 15. ágúst 2013, til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins. Tilkynning um hin flöggunarskyldu víðskipti var send þriðjudaginn 20. ágúst 2013, þremur víðskiptadögum eftir að víðskiptin áttu sér stað, er uppgjör þeirra fór fram. Taldi MP banki hf. að flöggunarskylda bankans hefði stofnast á því tímamarki.

Í samræmi við 1. mgr. 86. gr. vvl. skal aðili sem verður flöggunarskyldur skv. 1. mgr. 78., 79. gr. og 80. gr. senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta víðskiptadag eftir að flöggunarskyldan stofnaðist.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var málinu lokið með sátt að fjárhæð 1.500.000 krónur.